



Þingeyjarsveit
Anna Bragadóttir
Kjarna
650 LAUGAR

Garðabær, 11.3.2025

Málsnúmer: 202502-0032

IAS

Efni: Ferðamannasvæði við Aldeyjarfoss, Ingvararfoss og Hrafnabjargafoss. Skipulagslýsing.

Vísað er í erindi frá Þingeyjarsveit, dagsett 11. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu ferðamannasvæðis við Aldeyjarfoss, Ingvararfoss og Hrafnabjargafoss.

Forsendur deiliskipulagsins er að um er að ræða óbyggt og lítt raskað svæði ofan byggðar í Bárðardal. Falleg fossaröð sem dregur að sér ferðamenn og hefur ágangur þeirra aukist undanfarin ár. Skipulagssvæðið er um 358 ha og nær til Aldeyjarfoss, upp með Skjálfandafljóti og upp fyrir Hrafnabjargarfoss. Gönguleiðir og vegir beggja vegna árinna eru innan skipulagssvæðisins eins og nauðsynlegt telst til að gefa heildræna mynd af aðkomu, aðgengi, uppbyggingu og verndun svæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Skipulagssvæðið er að hluta til á nútímahrauni, Bárðardalshrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013), og skal forðast röskun þess nema brýna nauðsyn beri til, en vestan Skjálfandafljóts er berggrunnurinn að hluta til jökulsorfið móberg með jökulruðningi. Þá njóta fossarnir verndar samkvæmt sömu grein náttúruverndarlaga og auk þess voru þeir tilnefndir sem fossasvæði á B-hluta náttúru-minjaskrár: „Aldeyjarfoss, Ingvararfoss og Hrafnabjargafoss“.

Svæðið er einnig innan svæðisins: „Skjálfandafljót ofan Aldeyjarfoss“ sem tilnefnt var á B-hluta sem mikilvægt fuglasvæði en mjög mikið heiðagæsavarp er við Skjálfandafljót og þverár þess., m.a. í hólmanum í Íshólsvatni skammt utan við framkvæmdasvæðið. Þá er stutt í annað svæði sem tilnefnt var á B-hluta náttúru-minjaskrá vegna ferskvatnsvistgerðar og fugla: „Svartá-Suðurá“.

Nokkuð er um lúpinu innan svæðisins og er æskilegt að halda henni í skefjum og koma í veg fyrir að hún dreifist frekar um svæðið.

Að mati Náttúrufræðistofnunar skal fara varlega í uppbyggingu á svæðinu sem raskar nútímahrauni, breytir ásýnd svæðisins og spillir sýn að fossunum. Svæðið er mikið til ósnortið og mikil uppbygging mun breyta upplifun gesta sem skoða svæðið. Þá getur aukin umferð um svæðið haft neikvæð áhrif á fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur